

Dönskuval 2025 – 2026 er símatsáfangi sem kenndur er í dreif-/fjarnámi. Nemendur mæta í skólann 5x í tíma og það er mætingaskylda í þessa tíma, nema ef um réttlætanleg forföll sé að ræða.

Nemendur vinna út frá kennsluáætlun og heimanámi, öll verkefni og verkefnaskil eru á INNU. Það er reiknað með því að þið notið minnst 80 mín. á viku í verkefni og verkefnaskil og er námsefnið því útbúið með hliðsjón af því. Það munu þó vera verkefni sem krefjast auka tíma. Þið eruð alltaf velkomin að hafa samband á hrefna@mr.is og gudrun.k.thorisdottir@mr.is ef þið hafið einhverjar spurningar.

Verkefni annarinnar: Nemendur skulu skila öllum verkefnum og er lægsta einkunn í einu 10% verkefni hvorrar annar fyrir sig dregin frá við útreikning. Þannig er gert ráð fyrir forföllum og því engin sjúkrapróf eða lenging á skilafresti.

Sé nemandi uppvís að notkun gervigreindar við vinnu og/eða lausn verkefna, getur þess ekki í heimildaskrá eða hvernig hún er nýtt, verður verkefnið ekki metið til einkunnar.

Athuga* merkt er skyldumæting í tíma í Hátíðarsal Gamla skóla á þriðjudögum kl.15.25 til 16.45.

Kennsluáætlun

26.08.2025	* Mæta í töflutíma. Kynning á námsefni annarinnar ásamt skipulagi, námskröfum og skilaverkefnum vegna símats /fjarnáms/dreifnáms.
26.08.2025	Verkefni 1. Vera búin að lesa smásöguna Bananfluerne fyrir tímann sem er að finna á Innu. Leysa próf/verkefni úr smásögunni á Innu í dag, sem er að finna undir prófum áfangans (5%). Verkefnið er opið í 25 mín. þann 26.08.2025 á tímabilinu 16.00 til 16.25.
02.09.2025	Verkefni 2. Vera búin að lesa smásöguna Hanne Birgitta fyrir tímann sem er að finna á Innu. Leysa próf/verkefni úr smásögunni á Innu í dag, sem er að finna undir prófum áfangans (5%). Verkefnið er opið í 25 mín. þann 02.09.25 á tímabilinu 16.00 til 16.25.
09.09.2025	*Mæta í töflutíma. Nemendur mæta með tölvu og heyrnatól (ómvölur). Unnið verður verkefni í tíma sem felur í sér áhorf, hlustun, ritað mál og talað (5%).
16.09.2025	Verkefni 3. Kynnumst Kaupmannahöfn. Nemendur horfa á fyrstu 2 þættina þessa viku, á Rúv.is, um „Kaupmannahöfn, höfuðborg Íslands“. Skoða minnispunkta tengda þáttunum á Innu, undir Efni sem vert er að taka eftir á meðan horft er á þættina.
23.09.2025	* Mætingaskylda í töflutíma. Gönguferð um slóðir Dana í Reykjavík. Fyrrum konrektor Einar Hreinsson gengur með okkur um miðborgina og kynnir okkur fyrir sögunni.

30.09.2025	Undirbúa munnlega framsögn á dönsku um gönguferðina (ca 3-5 mínútur) með upplýsingum sem komu fram í ferðinni ásamt auka fróðleik um það sem fram fór. Þið fáið mismunandi efni sem þið eigið að fjalla um munnlega. Skila hljóðfíl á INNU (10%).
07.10.2025	Kynnumst Danmörku. Nemendur horfa á næstu 4 þætti á ruv.is um "Íslendingaslóðir Dana í Kaupmannahöfn". Stutt lesskilningsverkefni á dönsku úr þáttunum á INNU (5%).
14.10.2025	Verkefni 4. Skilaverkefni tengt töluðu máli (upptaka) (10%).
21.10.2025	*Kynning á Kaupmannahafnarferðinni. Dagsetning, kostnaður, dagskrá m.m. Skiptum nemendum í hópa til að skifta með okkur verkum varðandi ferðina. Athuga með fjáröflun. Skipuleggja til dæmis: danskt smörrebröd til sölu fyrir kennara og nemendur í 1 dag í skólanum? Einnig er kynning á verkefninu, fréttatengt efni. Mætingaskylda í töflutíma. (Gerum haustönnina upp og skipuleggjum saman vorönn. Skoðum skipulag Kaupmannahafnarferðar og kröfur og skipulag ritgerðar fyrir þá sem ekki ætla í ferðina).
28.10.2023 Vorhlé	
04.11.2025	Verkefni 5. Skil á hópverkefni um Kaupmannahöfn (10%).
11.11.2025	Verkefni 6. Lesa smásöguna Lotte. Lesskilningsverkefni á Innu úr smásögu sem opnar kl 15:45 -16:15 í töflutíma (5%)
18.11.2025	Horfa á þátt á DR.dk og leysa lesskilningsverkefni á Innu (5%)
25.11.2025	*Lokatími annarinnar. Frítt spil (áhersla á talað mál og skemmtun).

Kennari er alltaf til staðar fyrir nemendur á tímum sem eru í töflu / fjarnámstími. Svarar tölvupóstum á þeim tíma og fyrirspurnir á að senda á pósthólfi í INNU.

Kennarar:

Guðrún Kristín Þórisdóttir
gudrun.k.thorisdottir@mr.is

Hrefna Marín Sigurðardóttir
hrefna@mr.is